

STARFSSKÝRSLA SKÓGARVARDARINS

A

VESTURLANDI ÁRIÐ 1949.

STARFSSKÝRSLA.

Ferðalög:

Ég hef verið fjarverandi í erindum Skógræktarinnar í 230 daga á árinu 1949.

Hinn 8. marz fór ég til Noregs og dvaldi þar í 3 mánuði.

Ég ferðaðist fyrst til Kaupmannahafanar og dvaldi þar í 2 daga, en þaðan hélt ég með jarnbraut yfir Svíþjóð til Oslóar.

Í Osló dvaldi ég 3 daga, en ferðaðist þaðan með jarnbraut yfir Svíþjóð og til Narvik í Norður-Noregi.

Frá Narvik fór ég með áætlunarbíl til Andselv í Tromsfylki, en þangað var ferðinni heitið, og var það skógmeistari R. Bathen er hingað kom í fyrra, er ráðstafaði veru minni og leiðbeindi mér á allan hátt um það er ég vildi kynnast í skógræktarmálum.

Dvaldi ég lengst af í Andselv og nágrenni, en fór ýmsar ferðir um Tromsfylki oftast í fylgd með einhverjum af starfsmönnum í Troms skogselskap.

Húsnæði fékk ég í húsa~~k~~ynnum Troms skogselskap, en fæði á hóteli í þorpinu.

Ég vann að ýmsum störfum er að skógrækt lutu, safnaði furufræi, grisjaði skóg, vann að sáningu furufræs í óræktaða jörð, og í græðireit vann ég um tíma.

Ennfremur kynnti ég mér margt fleira er að skógrækt laut, með hliðsjón af okkar staðháttum.

Starfsmenn í Troms skogselskap greiddu götu mína á allan hátt, og sýmdu mér ógleymanlega gestrisin. Ég fór flugleiðis heim til Íslands alla leið frá Andselv, og varð ég samferða Norðmönnum er komu í skógræktarförina til Íslands.

Yfirleitt gekk ferðalagið og dvölin að óskum og tel ég mig hafa mikið lært í þessari ferð. Fyrir okkur Íslendinga er það mikil nauðsyn að kynnast sem líkustum staðháttum erlendis og eru hér heima - hvað tíðarfar og jarðvegsskilyrði ákerir, en þess eigum við því miður ekki víða kost.

Norður-Noregur virðist vera tilvalinn staður fyrir okkur Íslendinga í þeim efnum - miðað við fjarlægðina og ferðakostnaðinn, sem einnig verður að taka til greina. Auk þess virðast Norðmenn hafa mjög mikinn áhuga fyrir að hjálpa okkur til þess að klæða landið okkar skógi, og á þann hátt verða frændþjóð sinni að varanlegu liðil

Þegar ég kom til Íslands hinn 7. júní var harla vetrarlegt um að litast, og vægast sagt þremur vikum seinna en vanalega, enda sá varla grænna lit á túnblettum á Suðurlandi.

Fyrir mér voru mörg verkefni að vonum eftir langa útivist - að viðbættu fyrirsjáanlega mjög stuttu sumri, er þurfti að nota því betur.

Mjög mikil ferðalög hljóta ávalt að fylgja starfi skógarvarðarins á Vesturlandi. Valda því hin dreyfðu og víðáttu miklu kjarrlendi víða um Vesturland, en ávalt verður meiri áhugi og viðleitni til skógræktar þar sem skógarkjarrið er fyrir.

Til Reykjavíkur hef ég farið nokkrar ferðir. Um Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hef ég farið margar ferðir, bæði til eftirlits með girðingum og einnig í leiðbeiningastarfsemi.

23. júní fór ég vestur í Dalasýslu - að Hvammi í Dölum og athugaði land undir græðireit. 29. júní fór ég vestur í Hnappadalssýslu og leiðbeindi með gróðursetningu á furu í Snorrastaðagirðingu.

20. júlí fór ég vestur á Patreksfjörð og leiðbeindi með ~~gróðursetningu~~ útplöntun á furu. Enfremur athugaði ég girðinguna í Vesturbotni.

Gróðri hefur farið fram í girðingunni, en augljóst er að skógarkjarrið í þessari girðingu mun ekki ná vexti svo nokkru nemi. Verður því að höggva allt kjarrið.

Nokkrum greni og furuplöntum hefir verið komið niður í girðingunni á sl. ári, en þær hafa margar misfarist er bersýnilega stafar af því að plönturnar hafa verið stórskemmdar er þær komu vestur. Ég tel hinsvegar góð skilyrði þarna fyrir furu.

Þá athugaði ég girðinguna í Mikladal. Landið er bæði grýtt og jarðvegsgrunnt víða og er undir háum skriðum. Þarna hefir verið plantað miklu á undanförunum árum af birki, víðir, sitkagreni, rauðgreni, furu o.fl. Birkið er toppkalið og mjög greinótt. Sitkagrenið lýtur allvel út og spáir góðu um framtíðina fyrst það þrífst á jafnömurlegum stað.

Áhugi mikill ríkir hjá sýslumanninum á Patreksfirði og formanni skógræktarfélagssins þar Svavari Jóhannssyni.

Þá hélt ég áfram ferð minni til Bíldudals og hitti að máli Jón Bjarnason kaupm., sem er formaður skógræktarfélagssins á Bíldudal.

Ég fór ásamt Jóni og fleirum inn í skógræktargirðinguna hjá Hóli. Girðingin liggur í hallandi kjarri vaxinni hlíð mót austri. Þarna er skjólsælt. Mjög fallvegur gróður er í þessu landi. - blómaskrúð mikið. Ég plantaði þarna 100 furum og kenndi aðferðir að útplöntun. Í fyrra var plantað þarna birki, og lítur það allvel út.

Eftir að hafa rætt við forráðamenn félagsins um skógræktarmál, hélt ég áfram ferð minni inn í Langabotn í Geirþjófsfirði til Magnúsar bónda Kristjánssonar, en þar er skógræktargirðing.

Kjarrinu hefir farið allvel fram síðan girt var. Ég plantaði þarna um 300 furuplöntum. Í landi Langabotns er mikið kjarr og skóglendi.

Mjög góður jarðvegur er þarna, feitur og myldin, hefi ég varla séð annarstaðar betri jarðvegsskilyrði fyrir skógrækt.

Líkur eru fyrir að þessi jörð fari í eyði, og mér var sagt að um ágang búfjár' yrði þarna ekki að ræða eftir að búskapur væri lagður niður. Þarna er því tilvalinn staður til útplöntunar á barrplöntum í framtíðinni og um leið einstæður að því leytir að þarna þyrfti enga girðingu, en girðingarnar ásamt viðhaldi þeirra er mesti kostnaðarliðurinn í sambandi við skógræktarmálin. Ég tel að eitt að næstu verkefnum í skógræktarmálum verði einmitt að athuga möguleika á landi til skógræktar þar sem engar eða litlar girðingar þurfa.

Frá Langabotni fór ég svo áleiðis suður í Borgarfjörð og kom heim 27. júlí.

12. sept. fór ég vestur í Snæfellsnessýslu og athugaði ég skógræktargirðingar þar. 15. sept. fór ég v vestur í Dalasýslu, að Hvammi í Dölum og víðar. 19. sept. lagði ég af stað til Vestfjarða ásamt skógræktarstjóra, en þangað fór hann til að flytja fyrirlestra og sýna kvikmyndir.

Er ég hafði verið í þessu ferðalagi í 5 daga varð ég

að hverfa heim, og kom úr þessari ferð 26. sept. 18. og 19. okt. var ég á ferð vestur í Dalasýslu, fór með girðingarefni til viðgerðar á trjáreitnum í Hjarðarholti, en þessi reitur er á vegum Skógræktarinnar. Í fyrra var þessi girðing að nokkru gerð upp, en í ár var verkið fullgert.

19. nóv. fór ég á aðalfund Skógræktarfélags Dalamanna, er haldinn var í Búðardal. Þar flutti ég erindi eftir beyðni stjórnar Skógræktarfélags Dalamanna.

Mjög er það einkennandi á ferðalögum mínum í þágu Skógræktarinnar hve oft ég verðað svara miklu af spurningum, viðvirkjandi skógrækt - og umfram allt langar fólk-ið að fá úr því skorið hvort hægt muni að rækta skóg á jörðinni sinni og á hvern hátt veri slíkt hagkvæmast.

Mér virðist oft sem að skógræktarmálin séu eini heiðarlegi vorboðin í íslenzku þjóðlífi um þessar mundir, ef dæma má eftir framkomu og einlægum áhuga fólksins er það spyrst fyrir, og ræðir um skógræktarmálin. Til ferðalaganna notaði ég minn eigin bíl eftir því er við var komið

Viðhald girðinga: Nýjar girðingar voru engar á þessu ári, og olli þar um takmarkaður fjárhagur Skógræktarinnar ásamt erfiðleikum að afla girðingarefnis, að sögn.

Viðhald girðinga var nokkurt, enda með afbrygðum snjöpungt á sl. vetri, og langt fram eftir vori. Mjög bera þær girðingar af er girtar hafa verið síðustu árin og járnstaurar hafa verið notaðir í.

Ég tel að í framtíðinni eigi að nota vírnet í stað gaddavírs til girðingar, vírnetsgirðingar verða miklu ódýrari í viðhaldi og á allan hátt traustari en gaddavírs-girðingar.

Í Búðahraungirðingu voru notaðir mjög lélegir tré-staurar í upphafi, og verður á næstu árum að staura þá girðingu upp, en sökum sjóroks á þessum slóðum munu tré-staurar reynast betri en járnstaurar, er mundu ryðga af sjárvarseltunni.

Búast má við allmiklu viðhaldi á sumum skógræktargirðingunum á næstu árum.

Græðireitir og sáning:

Græðireitur var að mjög litlu leiti starfræktur. Um 4000 af 2ja ára fræbeðsplöntum voru seldar í græðireitinn á Hvanneyri.

Í reitnum verða á næsta vori (1950) 5000 til 6000 af 2ja ára birkiplöntum. Sáð var furufrei í 4 beð (um 80m²) Fræið spýraði vel - kom jafnt og þétt upp og óx sémilega þennan stutta tíma er regluleg súmartíð ríkti, en í byrjun sept. gjörði all hart frost er háði þeim mikið.

Útplöntun á barrtrjám:

Í vor kom allmikið af rauðgreni og furu frá Norður-Noregi. Var plöntunum dreyft út um landið eftir því er yfirstjórn skógræktarmálanna taldi hagkvæmast.

Miklum erfiðleikum er bundið að flytja barrplöntur um langa vegu - einkum furuna. Þó er hættumest að geyma plöntur við misjafna aðbúð yfir lengri tíma, enda vanhöld þau er eiga sér stað við útplöntun á furu og greni mest að kenna oflangri geymslu á plöntunum.

Þær barrplöntur er ég fékk til umráða var ráðstafað þannig:

| | Berg- fura | Skógar- fura | Rauð- greni |
|---------------------------------|---------------|-----------------|----------------|
| Barmahlíðargirðing | | 500 | |
| Hreimstaðagirðing | | 150 | |
| Munaðarnesgirðing | | 500 | |
| Sauðhússkógargirðing | 50 | 5 | 50 |
| Stórafjallsgirðing ⁹ | 150 | 50 | |
| Snorrastaðagirðing | 500 | 200 | |
| Borgargirðing | 200 | | |
| Hofstaðagirðing á Snæfellsn. | 400 | | |
| Vestur-Botn við Patreksfj. | 200 | | |
| Bíldudalsgirðing | 100 | | |
| Langa-Botnsgirðing | 300 | | |
| Græðireiturinn Hvanneyri | 1000 | | |
| Við Hreðavatn (Jafnask.girð) | 900 | 4200 | 3000 |

Auk þess 126 sitkagreni við Hreð.

Þetta samtals: 3800 5650 3000

=====

Sökum þess að bergfuran kom svo seint hafði ég ekki aðstöðu til að koma henni nógu fljótt í jörðina og lét því 1000 plöntur í fóstur í græðireitinn á Hvanneyri.

Að ég tók þann kost að dreyfa plöntunum á nokkrar skógræktargirðingar stafar í fyrsta lagi af því, að betur hagnýtist vinnuafli, og um leið fær fleira fólk tekifæri til að fylgjast með þeim tilraunum sem gerðar eru með útplöntun á barrtrjám.

Í öðru lagi getur verið fróðlegt fyrir yfirmenn skógræktarmálanna síðar meir - að hafa samanburð á vexti barrtrjáa sem víðast.

Veigamest er þó sjálfboðavinna er ég hef fengið við að planta í ýmsar girðingar og ég hef vissu fyrir því, að þúsundum af plöntum geti ég komið niður árlega á þann hátt í margar skógræktargirðingar.

Að þessu sinni var unnið endurgjaldslaust á útplöntun í þessar girðingar:

Munadarnesgirðingu, unni iðnaðarmenn úr Borgarnesi og munu gera framvegis.

Hofstaðagirðingu vann kvenfélag í Miklaholtshreppi, og mun gjöra.

Borgargirðingu unnu templarar í Borgarnesi og munu gjöra framvegis.

Barmahlíðargirðingu U.M.F. Baula í Norðurárdal.

Vestur-Botnsgirðing annast Skógræktarfélag Vestur-Barðastrandasýslu útplöntun nú og framvegis.

Bíldudalsgirðingu mun skógræktarfélagið á Bíldudal annast um útplöntun.

Af framanskráðu er augljóst að mikla fjármuni er hægt að spara Skógrækt ríkisins við að koma trjáplöntum í jörðina.

Auk þeirra girðinga er að framan greinir og plantað var í, sá ég einnig um útplöntun á Klettsgirðinguna, lagði til plöntur og vinnukraft.

Þarna var plantað 2000 rauðgreni, 2000 furur og miklu af birki, enda hefir Hermann Jónasson mikinn áhuga fyrir skógrækt.

Skógarhögg: Enda þótt ég nefni skógarhögg, er tæplega hægt að heimfara það undir slíkt heiti, enda svo með nálega alla íslenska skóga, úr þeim fellur enginn nytjaviður, að kalla. "Ér er um að ræða hreinsun á gömlum, fúnum, og mjög úr sér gengnum birkiskógi, er nauðsyn ber til að hreinsa. svo að hægt sé að planta þarna barrplöntum.

Unnið hefir verið að því að hreinsa hlíðina í Jafnaskarðsskógi, er liggur frá landamerkjum Hreðavatns og að Kiðáreyrum, svæðið heitir: Hreðakotsbrekkur og Borgir, og var þarna allgóður skógur fyrir 20 árum, en er nú fallinn mjög af fúa. Hér er um að ræða allstórt land sem þegar hefir verið hreinsað, og plantað í rauðgreni að nokkru.

Reykingaviður vel nothæfur, hefir fallið þarna til, og er honum staflað saman í kesti, en markaður hefir ekki fengist en sem komið er.

Varla þarf að búast við að slíkt skógarhögg sem hér er um ræðir svari nokkrum fjármunum í aðra hönd. Eigi að síður veri mjög nauðsynlegt að geta grisjað mikið næstu árum.

Vegagerð: Byrjað var að ryðja veg frá bænum að Hreðavatni, áleiðis í Jafnaskarðsgirðingu. Unnið var með jarðýtu í nokkra tíma en síðan jafnað til með handverkfærum.

Sá vegakafli er ruddur var nam um 700 m. Ákveðið var að ég fengi jarðýtu síðari hluta sumars til að fullgjöra veginn, en var svikinn um það. Mjög mikil nauðsyn er að fullklára veginn hið bráðasta, því algjör vegleysa er í þennan skóg, en þarna er og verður unnið mikið að skógrækt næstu ár.

Aðrar framkvæmdir:

Byggður var skúr 4.50 X 4.50 m - í Jafnaskarðsskógi. Skúrin er á steiptum grunni, járnklæddur, úr timbri.

Eftir er þö fullgjöra skúrin að innan. Ætlunin er að nota þennan skúr sem verkamannaskýli þegar unnið er í skóginum. Án skýlis er ekki hægt að komast af lengur á þessum stað, langt er til næsta bæjar, og ber nauðsyn til að gjöra þetta skýli þann veg úr garði, að hægt sé að dvelja þarna um stundarsækir og í því sambandi er nauðsynlegt að fá eldstæði í skýlið.

Í Noregi eru nálega alstaðar smáhýsi, sog stundum að vísu allstór - í skógum þar sem langt er til bæja.

Er þetta fyrir fólk er vinnur í skógunum, og telja Norðmenn að þessi skýli borgi sig vel, og vinnist kostnaðurinn upp í auknum vinnuafköstum við skógarvinnuna.

Vöxtur skóga og tíðarfað.

Vorið kom 3 til 4 vikum síðar en venjulega. Uppi í Borgarfirði kom grænn litur á skóginn 17. júní og má segja um það hið fornkveðna að hátið er til heilla bezt.

Raunverulega kom vorið 17. júní, og gerði hlýja og góða tíð og urðu mjög snögg umskipti, gróður þaut upp á fáum dögum.

Vöxtur á birki var lélegur, enda vaxtartími mjög stuttur, því að eftir 6. sept. fór skógur að fölna, og öll blöð fallinn af skógi fyrir 20. sept.

Rauðgrenið sem plantað var við Hreðavatn árið 1948, óx þá um sumarið mjög vel, og komust árssprotar allt upp í 15 cm.

Í vor bar töluvert á því að plönturnar voru fölar. Bar ég að þeim kalksaltþétur.

Ekki fórst neitt af þessum plöntum, en vöxtur var eigi yfir 5 til 7 cm, og margar stóðu í stað. Sjónarmunur er hve þær plönturnar eru táplegri sem komu með flugvélinni, en þær er komu með skipi, enda þótt að plönturnar sem komu með skipinu voru miklu stærri og á allan hátt þroskameiri er þær komu, en hinar er flugleiðis komu. Er hér um að ræða glöggd dæmi hvaða þýðingu flutningur hefir á plöntur að vorlagi.

Rauðgrenið er kom í vor og plantað var hér í skóginn dafnaði vel, og óx öllu betur í sumar en plönturnar frá 1948.

Um furuna gegnir allt öðru máli, en grenið.

Yfirleitt virðist furan eiga erfitt uppdráttar hér, og stafar það að langmestu leiti að skemmd á furuplöntunum í flutningi.

Furan þolir afar illa geymslu, enda vanhöldin feikna mikil. Ekki er fullséd hvornig fer um furuna er plantað var út hér á Vesturlandi í ár, en fullvíst er að bezt

verði útkoman í sumar, er stafer af því hve fljótar plönturnar voru á leiðinni frá Norögi, og voru ekki eins lengi í höfuðborginni og átt hefir sér stað sumurin áður.

Sáðbletturinn á Snorrastaða- og Jörfamelum miðar hægt áfram, og eru allar líkur fyrir að um miður heppilegt fræ hafi verið að ræða.

Í vor var gerð tilraun með að bera á Jörfamela. Bletturinn er á var borið sýndi mikið betri grasvöxt, en það er ekki var borið á. Gróðri hefir fleygt mjög fram á melunum síðan girt var.

Mjög aðkallandi er að fá harðgeitt fræ í Jörfamela barna er komin vönduð girðing um land sem mikill efni-
viður er í.

Tíðin í sumar og haust var mjög úrfellasöm sólskin-
 dagar voru með afbrygðum fáiur í sumar. Það er því naumast undrunarefni þótt vöxtur skóga hafi verið lítill í sumar.

Fræ var töluvert á kjarrinu í Borgarfirði. Töluvert var á skógarmaðki í skóglendum Borgarfjarðar, en á Vest-
fjörðum hef ég ekki orðið var við skógarmaðk undanfarin ár.

Það verður alltaf ljósara að skógurinn á Vesturlandi getur ekki vaxið upp sem nytjaskógur án þess að fram fari algjör grisjun á gamla skóginum. Hinsvegar er ~~hírkisk~~ birki-
gróður á Vesturlandi mjög mikils virði fyrir framtíðarskóg-
rakt, með því að planta barrviðum í skjóli hans á komandi árum.

Niðurlangsorð:

Ég hef áður vikið að því í ársskýrslu minni, að meir hefði verið gjört að því að vekja áhuga fólks fyrir mál-
efnum skógræktarinnar, en fylgja áhuganum eftir með raunhæfum aðgerðum.

Mér virðist að viðkvæðið sé oft þegar til framkvæmd-
anna kemur að fjárhagur Skógræktarinnar sé of þröngur til a
að leggja í nýjar girðingar eða aðrar framkvæmdir.

Það gengur nú samt illa að telja fólki trú um að ó-
mögulegt sé að útvega plöntur við vögu verði og hjálp til að
girða, á sama tíma og blöð og útvarp birta greinar og við-
töl eftir sérfróða menn í skógrækt - bæði erlenda og innlenda

Um hina, óendanlegu möguleika fyrir skógrækt á Íslandi.

Því hefir jafnvel verið haldið fram áð á næsta mannsaldri ættu Íslendingar að geta framleitt nægjanlegt timbur handa sér, og í því sambandi hefir Reykjaneskaginn verið talinn sá kjörgripur er líklegastur væri til trjáræktar í stórum stíl.

Allt þetta/bundið einu skilyrði að fólkið skilji nauðsýn skógræktarmála á Íslandi, og ljái þeim málum lið.

Það er staðreynd að fólkið er farið að trúá því að á Íslandi sé hægt að rækta skóg.

Við vitum að vísu allir að möguleikar eru fyrir hendi um skógrækt á Íslandi, en við vitum að hún verður seinvirk og við eigum áreiðanlega að grundvallar betur áróðurinn fyrir skógræktarmálunum, og gefa fólki/^{ekki}alltof marga höggstaði á okkur með alltof miklum gyllingum um skógræktarmöguleika á jafn ófrjóum stöðum og Reykjanesið er, svo dæmi sé nefnt.

Þegar fólkið rekur sig á, að ekki er hægt að fá hjálp til að girða, og plöntur hafa verið að mjög skornum skammti, þá dofna áhuginn, og starfsmenn Skógræktarinnar verða oft fyrir leiðinlegu aðkasti, og á það er bent að Skógræktin sé meira í orði en á borði.

Ég er þeirrar skoðunnar að hættulegast af öllu fyrir framgang skógræktarmálanna sé að geta ekki fylgt áhuganum eftir með raunhæfum aðgerðum.

Það ber nauðsýn til að fylgja áhuga fólksins eftir og á þann hátt virkja þau öfl í þágu skógræktarmálanna sem eru nauðsýnlegri þeirri starfsemi, en þótt miklir peningar veru í boði annarsvegar, ef áhugan vantaði hinsvegar.

Eitt af furmskilyrðum til að þóknast áhuga fólks í skógræktarmálum er leiðbeiningastarfsemi, bæði um val á landi undir skógarreitum, gróðursetningu á plöntum og sáningu á fræi.

Allt þetta getur haft ómetanlega þýðingu fyrir skógræktarstarfseminu í landinu.

Ferðalögin kosta fyrirhöfn og fjármuni, ~~spurningin~~ spurningin er hvort sú fyrirhöfn svari ekki kostnaði. Þarna er um að ræða kennzlustarf, því að hafa verður hugfast að Íslendingar kunna sennilega minna um skógrækt en nokkur önnur þjóð í heiminum.

Hér á Vesturlandi biða að sjálfsögðu mörg verkefni fyrir skógræktina á næstu árum, en óneitanlega finnst mér, að mér sem skógarverði sé „þröngur stakkur skorinn“ um athafnafrelsi og sé ég ekki möguleika á að starfa undir slíkum skilyrðum til langframa, þegar þar við bætist að ég hefi ekki fengið hútaskjól yfir höfuð mér frá hálfu Skógræktarinnar enda þótt lög mæli svo fyrir.

Hreðavatni 31.des. 1949.

Daníel Kristjánsson.